

154. fundur skráningarráðs haldinn 14. jan. 2026 kl. 9:00-10:40 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmisdóttir, Sigurgeir Finnsson (fundarritari) og Þorsteinn Doddi Jónsson (formaður).

Einnig sátu fundinn Kristín Lilja Thorlacius Björnsdóttir gæðastjóri Gagnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gagnis.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt

2. Lagfæring á RDA í haskinu

Kristín er búin að útbúa excel skjal með heitum og tenglum úr gamla RDA toolkitinu. Finna þarf samsvarandi kafla í nýja toolkitinu og afrita í excel skjalið. Athuga þarf vel við yfirferð að kaflaheiti í gamla toolkitinu stemma ekki alltaf við kaflaheiti í því nýja. Þegar búið er að finna réttan kafla er heiti og tengill afritaður (scope) og vistað í excel skjalinu.

Í skjalinu er 62 atriði sem við skiptum á milli okkar til að fara yfir, hver og einn tekur 11-12 atriði.

3. Fræðslufundur skrásetjara

Kynning á gervigreind, þurfum að prófa þetta betur áður en þetta verður kynnt á fræðslufundinum.

Upp á árslokatölfræði þarf að passa svið 995, má alls ekki eyða. Svið 995 verður til þegar fyrri vísir er 4 í sviði 100.

4. Önnur mál

505 ## \$t – ef deilisvið t er notað í stað a er hægt að finna viðföng í titlaleit sem og textaleit, endurtaka þarf deilisviðið fyrir hvert viðfang:

505 0 \$a Efni: \$t Human recycling (4.22). -- \$t Anger of the inferior (4.17). -- \$t Redrum (4.26). -- \$t Blind (4.36). -- \$t Vivisection (3.11). -- \$t The entity (4.22). -- \$t Saturated (2.31). -- \$t Sick interment (3.30). -- \$t Soricide (2.07). -- \$t Old (3.14). -- \$t Withered earth (). -- \$t Frightmares ()

Umræða um tónlistarskráningu, hugsanlega þarf að einfalda tónlistarskráningu til samræmis við skráningu annarra viðfanga.

Ákveðið að hætta að greiniskrá tónlist og nota svið 505 í staðinn - uppfæra þarf þetta í haskinu

Næsti fundur ákveðinn 12. feb. kl. 10

Fundi slitið 10:40